



ÁRSSKÝRSLA LÖGREGLUSTJÓRANS Á SUÐURNESJUM 2018





Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Útgefandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/sudurnes/

Umsjón: Jóhanna S. Sigbórsdóttir

Ábyrgð: Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri

Ljósmyndir: Viggó Helgi Viggósson

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR **4-5**

2. SKIPURIT **6-7**

2.1 Mannauðsdeild

3. ALMENN DEILD **8-12**

3.1 Umferðarmál

3.2 Almannavarnir

3.3 Keflavíkurflugvöllur

3.4 Handtökur og vistanir

3.5 Önnur verkefni lögreglu

3.6 Fangaf lutningar

3.7 Lögreglan og samfélagsmiðlar

4. RANNSÓKARDEILD **13-15**

4.1 Ofbeldisbrot

4.2 Kynferðisbrot

4.3 Fíkniefnabrot

4.4 Netglæpir

4.5 Skipulögð glæpastarfsemi

5. FLUGSTÖÐVARDEILD **16-23**

6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR **24**

7. REKSTUR **25**

1. INNGANGUR

Frá lögreglustjóra

Að venju er ársskýrslu fylgt úr hlaði með nokkrum orðum. Árið 2018 varð enn eitt árið sem hafði í för með sér aukið álag á starfsmenn Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Sem fyrr er það einkum vegna stækkandi hóps ferðamanna á leið um Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) til og frá Íslandi eða til þess að eiga viðdvöl á ferð sinni yfir Atlantshafið. Þunginn á landamæraeftirliti var mikill. Alls fóru yfir landamærin 9,8 milljónir manna en þar af voru um það bil 5,3 milljónir farþega sem áttu för yfri ytri landamæri Schengen svæðisins sem Ísland ábyrgist. Mikið álag fylgir að sjálfsögðu á alla starfsemi embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Fölsuð skilríki og tilraunir þeirra sem ekki uppfylla skilyrði til landgöngu þarfnast rannsókna og dómsmeðferðar. Aukning farþega frá 2017 var tæp 12% og aukning farþega á leið yfri ytri landamæri nam um 15%.



Helztu markmið ársáætlunar 2018 voru efnislega þau sömu og fyrr:

- Rekstur embættisins skyldi rúmast innan ramma fjárlaga í samræmi við kröfur til þess og skyldi hann vera skilvirkur með tilliti til fjárframlags, verkefna embættisins og gæða þjónustunnar.
- Að þjónusta lögreglunnar við íbúa svæðisins og farþega í FLE yrði bætt enn frekar.
- Skilvirkni við rannsókn brota og starfsemi rannsóknardeildar embættisins og að yfirstjórn yrði áfram skilvirk og lausnamiðuð. Unnið skyldi að því að embættið gæti staðið undir sívaxandi kröfum um þjónustu við landamæraskoðun í FLE, sem hefur í för með sér að fjölga þarf starfsmönnum og efla nýtingu tæknimiðaðra lausna.
- Að halda kostnaði innan marka fjárlaga og koma starfsemi utan FLE í eitt húsnaði. Starfsemi í þremur megin starfsstöðvum fylgja ókostir.
- Samstarf við aðrar stofnanir í umdæminu yrði aukið eins og kostur væri og grenndarlöggæzla styrkt. Eftirfylgni með heimilisofbeldismálum yrði enn aukin með góðu og árangursríku samstarfi við félagsþjónustu, skóla og ekki sízt Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

- Minni háttar lögbrot skyldi rannsaka eftir fremsta megni í almenntri deild lögreglunnar með áherzlu á aukna skilvirkni rannsókna.
- Áfram skyldi tryggja menntun og fræðslu með því að hvetja lögreglumenn og aðra starfsmenn til þess að taka þátt í námskeiðum og annarri fræðslu sem býðst innanlands sem utan.

Helzta markmið starfseminnar er að auka þjónustu við íbúa umdæmisins með hagkvæmum rekstri, fræðslu til starfsmanna ásamt því að vera stöðugt vakandi fyrir nýjum tækifærum sem tækni og framfarir í löggæzlu almennt bjóða. Umbótastarf í þessum efnum er mikilvægt og stöðugt verkefni yfirstjórnar embættisins. Þannig verði ávallt tryggt að þjónusta og starf lögreglunnar á Suðurnesjum verði til fyrirmyndar.


Liðið ár reyndist þungt í þessum efnum. Mikið starf hefur áfram verið lagt í að greina húsnæðisþörf í því skyni að sameina starfsemi undir einu þaki eftir fremsta megni. Nokkuð var enn í land að lögreglumönnum fjölgaði í samræmi við fjölgun farþega um ytri landamæri Schengen. Afar nauðsynleg greiningarvinna, sem er undirstaða gæzlu landamæra, hefur því enn ekki náðst. Áfram er unnið að því mjög svo sérhæfða verkefni. Schengen samkomulagið gerir ríkar kröfur til íslenskra ríkisins í því efni. Af þessum þætti hefur undirritaður enn nokkrar áhyggjur, en markvisst er unnið að úrbótum.

Framtíð lögreglunnar, ekki eingöngu á Suðurnesjum, heldur á landinu öllu byggir á góðri menntun. Mikilvægt er að vel takist til um nám á háskólastigi og þjálfun lögreglumanna. Vel menntaðir lögreglumenn eru nauðsyn allri löggæzlu. Ljóst er að efla þarf lögregluna á Íslandi og á Alþingi þar stóran hlut að máli því peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal. Vonir eru um úrbætur á því sviði.

Ársskýrslan hefur að þessi sinni verið einfölduð og gerð aðgengilegri lestrar. Viðbótarupplýsingar er unnt að nálgast rafrænt með viðeigandi tenglum. Hún geymir geinargóð yfirlit sem skýra sig að mestu sjálf varðandi störf og verkefni embættisins. Tölurnar tala sínu máli. Embættið býr yfir miklum og góðum mannauði. Öllum starfsmönnum, jafnt lögreglumönnum sem öðrum, eru færðar miklar þakkir fyrir góð störf í þágu embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum og almennings á Íslandi.

Framtíðin eru spennandi og mörg verkefni bíða. Þá er að takast á við þau af kappi og forsjá, leitast ævinlega við að skila góðu starfi, vera fremst meðal jafningja og gæta að kjörorðum embættisins, Fagmennska - Heiðarleiki - Traust.

2. SKIPURIT



2.1 Mannauðsdeild

Nýtt skipurit var samþykkt fyrir embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum á miðju ári 2018. Í nýju skipuriti var meðal annars gert ráð fyrir nýrri deild embættisins, mannauðsdeild. Deildin er skipulögð þvert á aðrar deildir embættisins ásamt fjármála- og rekstrardeild og upplýsinga- og áætlanadeild.

Mannauðsstjóri var síðan ráðinn til starfa í september 2018. Þá var einnig ráðinn inn nýr launafulltrúi hjá embættinu í nóvember 2018 og tilheyrir hann einnig mannauðsdeildinni.

Verkefni deildarinnar eru margvísleg. Öll umsýsla launamála fer þar fram, þar með talið launasetningar. Allar auglýsingar og ráðningar fara um deildina, ráðgjöf til stjórnenda vegna mannauðsmála svo og samræming á ýmsum verklagsreglum innan embættisins. Jafnframt verkefni tengd stefnumótun embættisins, markmiðasetning mannauðsmála og eftirfylgni á ýmsum verkefnum þvert á embættið.

Ráðningar

Ýmsar ráðningar hjá embættinu voru ráðandi í starfi mannauðsdeildar á árinu. Meðal annars voru auglýstar tvær stöður yfirlögregluþjóna í nóvember og hófst viðtalsferillinn í desember. Fengnir voru tveir utanaðkomandi ráðgjafar með mannauðsstjóra í valnefnd vegna ráðninganna. Kom annar aðilinn frá Attentus og hinn frá Strategia. Hélt ferlið áfram fram yfir áramót. Þá var auglýst eftir lögreglufulltrúa og rannsóknarlögreglumanni í skilríkjaeiningu flugstöðvardeildar auk tveggja varðstjóra. Einnig var auglýst eftir almennum lögreglumönnum hjá embættinu í lausar stöður sem og til afleysinga í desember 2018. Bárust 50 umsóknir um 6 lausar stöður.

Margvísleg verkefni

Eitt af verkefnum sem sett voru af stað í nóvember var jafnlaunavottun embættisins. Um er að ræða skylduverkefni allra fyrirtækja og stofnana og á því að vera lokið hjá embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir desemberlok 2020. Settur var upp verkefnahópur sem fer fyrir vinnunni.

Í desember var ákveðið að fara af stað með almenna stefnumótunarvinnu fyrir embættið og hefst hún á nýju ári.

Verkefni um nýjan innri vef embættisins var sett af stað. Var unnið ötullega að því að ákveða umgjörð og framsetningu á vefnum sem verður fyrir alla starfsmenn embættisins sem upphafsíða á IE.

Mun fleiri verkefni hafa komið á borð deildarinnar og eru spennandi tímar framundan. Þau eru mörg og margvísleg en stefnumótun embættisins á árinu 2019 kemur þar sterk inn með áherslur á hvernig vinnu mannauðsdeildar verður háttað.



3. ALMENN DEILD

3.1. Umferðarmál

Það að sinna umferðinni í umdæminu er eitt af hlutverkum almennu deildar. Á árinu 2018 jukust skráð afskipti umtalsvert. Heildarfjöldi skráðra umferðarlagabrota árið 2017 voru 1.977 en 2.574 árið 2018.

Umferðarlagabrot

Tegundir brota	2015	2016	2017	2018
Umferðarlagabrot	1.506	1.914	1.977	2.574
Of hraður akstur	527	667	695	782
Ölvun við akstur	65	85	120	142
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	116	181	193	311

Eins og sjá má eykst hlutfall þeirra sem aka undir áhrifum ólöglegra fíkniefna mun meira á milli árana 2017 og 2018 en þeirra sem aka undir áhrifum áfengis þó svo að fjölgunin þar sé töluverð.

Umferðarslys	2015	2016	2017	2018
Banalsys	0	3	3	0
Alvarleg slys	16	18	13	10
Slys með litlum meiðslum	53	64	58	59

3.2. Almanna­varnir

Almanna­varnir á Íslandi lúta lögum nr. 82 frá árinu 2008. Markmið er að finna í 1. grein laganna, en það er eftirfarandi:

Samhæfð almanna­varnaviðbrögð til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands. Almanna­varnir snúa að því að vernda líf, limi og eignir og vernda umhverfi svo ekki verði tjón af völdum náttúruhamfara eða af völdum manna, farsóttu eða hernaðar­aðgerða eða af öðrum ástæðum. Mikilvægur þáttur er að veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið. Ísland er ungt land jarð­fræðilega og reglulega verða hér eldgos, jarðskjálftar og snjóflóð hafa fallið. Á sjö­unda hundrað Íslendinga hafa týnt lífi í snjóflóðum síðan land byggðist.

Undirbúningur, skipulagning og framkvæmd ráðstafana er grundvallaratriði almanna­varna.

En það má ekki gleyma slysum og óförum sem ekki tengjast náttúruhamförum. Við þekkjum hópslys í umferðinni og mikilvægt er að vera undir það búin að önnur farar­tæki svo sem flugvélar og skip kunni að verða fyrir tjóni ásamt þeim sem um borð eru.

Á Suðurnesjum starfa tvær almanna­varnanefndir, ein í Grindavík og hin fyrir Suðurnesjabæ, Sveitarfélagið Voga og Reykjanesbæ. Þær hafa á undanförunum árum kynnt sér mögulega náttúrvá, þar með talin hugsanleg eldgos, ásamt því að efla við­bragð og notið aðstoðar sérfræðinga í þeim efnum.

3.3 Keflavíkurflugvöllur

Flugslysáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll (FFK) var virkjuð fjórtán sinnum á árinu. Virkjun áætlunarinnar fer eftir alvarleika atvika og er um að ræða óvissustig, hættustig og neyðarstig. Umfang hvers stigs er síðan skipt upp í grænt, gult og rautt. Á grænu stigi er gengið út frá því að daglegt viðbragð í umdæminu ráði við verkefni sem upp koma. Á gulu stigi er miðað við að bjargir í umdæminu ráði við að sinna verkefnum auk valinna bjarga frá öðrum umdæmum. Á rauðu stigi er síðan lagt upp með að bjargir af suðvesturhorni landsins komi að verkefninu.

Eftirfarandi verkefni komu upp:

- 1 **16.1.2018 óvissustig grænn**
Tilkynnt um að vél geti ekki tekið upp hjólabúnað. Vélin lendir án vandkvæða.
- 2 **26.1.2018 óvissustig grænn**
Vél getur ekki tekið upp hjólabúnað og hringsólar í 2 klukkustundir til að brenna eldsneyti. Lendir án vandræða.
- 3 **22.2.2018 óvissustig gulur**
Vél frá Air Iceland Connect tilkynnir um þrýstingsvandamál. Vél lendir án vandræða og frekari aðstoð óþörf.
- 4 **27.2.2018 óvissustig gulur**
Vél óskar eftir að lenda vegna vélabilunar. Lendir heilu og höldnu.

- 5 **3.5.2018 óvissustig grænn**
Vél Ícelandair tilkynnir um vandamál með flapsa eftir flugtak. Lendir án vandkvæða.
- 6 **17.6.2018 óvissustig grænn**
Tilkynnt er um bilun í stjórnkerfi vélar. Vél lendir án vandkvæða.
- 7 **10.7.2018 óvissustig rauður**
Vél frá American Airlines tilkynnir um merki elds í farangursrými. Enginn eldur eða reykur í farþegarými. 224 farþegar um borð. Vél lendir heilu og höldnu.
- 8 **3.8.2018 óvissustig grænn**
Herpota tilkynnir um vandamál með vökvaprýstikerfi. Óskað er eftir notkun þotugildru við landingu sem gengur snurðulaust fyrir sig.
- 9 **29.9.2018 óvissustig grænn**
Vél á leið til Grænlands snýr til baka vegna hækkunar á olíuhita. Lendir án vandkvæða.
- 10 **22.10.2018 óvissustig rauður**
Vél frá Ícelandair tilkynnir tæknivandamál en óskar ekki eftir aðstoð. Á loka-stefnu er tilkynnt um vandamál í vökvaprýstikerfi og enga stýringu á nefhjólí. Vél lendir án vandkvæða.
- 11 **1.11.2018 hættustig grænn**
Flugvél WOW air snýr til baka vegna tæknivandamála. Slökkva þarf á vél 2. Vélin lendir án vandkvæða.
- 12 **8.11.2018 óvissustig grænn**
Flugvél tilkynnir um vandamál í vökvaprýstingskerfi í vél 2. Lendir heilu og höldnu.
- 13 **25.11.2018 óvissustig grænn**
Vél þarf að snúa við vegna gírvandamála. Vél lendir og ekur í stæði án aðstoðar.
- 14 **18.12.2018 neyðarstig grænn**
Vél tilkynnir um nefhjólsvandamál. Hringsólar til að brenna eldsneyti og ætlar að fljúga hjá turni svo hægt sé að athuga hvort eitthvað sé athugavert. Viðbragð er hættustig grænn. Turn telur nefhjól vera snúið og hættustig er hækkað í neyðarstig. Vél lendir örugglega og neyðarstig var afturkallað.

3.4 Handtökur og vistanir

Mikil aukning var á milli ára á handtökum. Vistanir í fangahúsi jukust lítillega. Þetta hafði í för með sér aukið álag á almennu deild þar sem lögreglumenn eru bundnir í fangavörslu og geta á sama tíma ekki sinnt almennri löggæslu eða útköllum. Frá 2017 til 2018 fjölgaði handtökum um 22,4 %. Á árinu 2018 voru 688 vistanir sem er aukning um tæp 9% .

	2015	2016	2017	2018
Handtökur	566	731	910	1.114
Fjöldi handtekinna einstaklinga	474	559	725	831
Vistanir	364	495	635	688
Fjöldi vistaðra einstaklinga	291	402	534	530

Meðfylgjandi gögn eru úr handtökukerfi LÖKE

3.5 Önnur verkefni lögreglu

Bæjarhátíðir

Þegar tekur að vora og fuglasöngurinn fer að óma má sjá aukna gleði hjá íbúum umdæmisins. Í hverju sveitarfélagi er haldin bæjarhátíð fyrir íbúana og aðra þá sem vilja gera sér glaða stund með fjölskyldunni.

Mikill undirbúningur fer fram milli ára fyrir hverja hátíð. Á vegum sveitarfélaganna eru nefndir sem bera hitann og þungann af skipulagningunni. Lögreglan á Suðurnesjum á ánægjulegt samstarf við hvert sveitarfélag þegar kemur að skipulagi hátíðanna og er óhætt að segja að það sé eitt af skemmtilegri verkefnum lögreglu að vera þátttakendur í hátíðahöldunum. Við erum einstaklega þakklát fyrir að fá að vera virkir þátttakendur og þökkum öllum gott samstarf.



3.6 Fangaflutningar

Eitt af verkefnum almennu deildar eru fangaflutningar. Á árinu 2013 var farið að skrá markvisst þær vinnustundir sem varið er til fangaflutninga hjá embættinu. Fjöldi stunda við þetta verkefni hefur vaxið jafnt og þétt frá því að skráning hófst en á árinu 2016 var töluverð fækkun í fangaflutningum. Alla jafna eru það lögreglumenn úr almennri deild sem sinna slíkum flutningum en þó hjálpast allar deildir að ef verkefnið krefst þess.

Heildarfjöldi fangaflutninga á árinu 2016 var samtals 92 sem þýðir að jafnaði 1,8 flutningar á viku í samanburði við 2,9 flutninga á viku árið 2015. Árið 2017 var heildarfjöldi fangaflutninga 81 sem er fækkun frá árinu 2016. Árið 2018 var fjöldi fangaflutninga lægri en 2017, eða 69. Árið 2017 voru að meðaltali 1,6 flutningar á viku en 1,3 árið 2018. Reynt er af fremsta megni að nota bílaleigubifreiðir við þessa flutninga. Bílaleigu-

bifreið var notuð í 44 flutningum en lögreglubifreið í 25 flutningum á árinu 2018.

Alls voru eknir 8.443 km sem gerir að meðaltali um 122 km í hvert skipti, í samanburði við 119 km árið 2017. Samtals voru vinnustundir 388 eða um 5,6 vinnustundir á hvern flutning á árinu 2018, að meðaltali, sem er sama meðaltal og á árinu 2017.

Langflestir fangaflutningarnir eru frá lögreglustöð í Keflavík að Hólmsheiði og í Héraðsdóm Reykjaness og svo aftur að Hólmsheiði og til baka á lögreglustöð. Er þetta í takt við þær breytingar sem urðu árið 2017.

Þá eru nokkrir flutningar til Reykjavíkur þ.e. á geðdeild eða annað. Eins og sjá má er verkefnið krefjandi og tímafrekt oft á tíðum.

Mjög eftirtektarvert er að fækkun flutninga er tæplega 40% á árinu 2016 og þeim heldur áfram að fækka á árunum 2017 og 2018. Fækkun vinnustunda er 37 % og ekinna kílómetra 33% á árinu 2016 en hvort tveggja fækkar áfram á árinu 2017. Árið 2018 fækkar vinnustundum um 17% frá árinu 2017 og eknum kílómetrum um 14%. Fjöldi flutninga dregst einnig saman um tæp 19% milli ára. Af 69 flutningum fanga á árinu 2018 eru 34 flutningar vegna gæsluvarðhalds og 31 flutningur fyrir dóm.

3.7 Lögreglan og samfélagsmiðlar

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hóf ferilinn á samfélagsmiðlum 23. mars 2012 og notar embættið Twitter, Facebook, Instagram og svo að sjálfsgöðu á <https://www.logreglan.is>

Facebook er notuð mest af þessum miðlum og er síða embættisins komin með rúmlega 11.800 fylgjendur sem er yfir 43 % af íbúafjölda Suðurnesja. Strax í upphafi var það markmið sett að fara ekki út í rökræður á þessum vettvangi heldur greina aðallega frá skemmtilegum verkefnum á þessum miðlum. Facebook er þó talsvert notuð til að kalla eftir upplýsingum frá fólki vegna mála sem eru til rannsóknar. Fjölmiðlar og samborgarar á Suðurnesjum eru fljótir að deila færslum frá embættinu og oftast leysast þessi mál fljótt og vel. Sem dæmi var sett inn færsla vegna eignaspjalla á bifreið í Vogum þann 21 apríl og leitað vitna. Þessi færsla náði til rúmlega 140.000 manns á nokkrum dögum og var deilt á öllum fjölmiðlum landsins.

En af hverju er lögreglan á samfélagsmiðlum eins og Facebook?

Samfélagsmiðlar auka sýnileika lögreglu, auka aðgengi að lögreglu og upplýsingagiöf til almennings verður auðveld eins og til dæmis varðandi veðurfar, færð og fleira. Embættið fær mikið af upplýsingum í gegnum skilaboð á Facebook og Instagram hvað varðar hin ýmsu málefni. Þá leitar fólk sem er í sjálfsvígshættu gjarnan aðstoðar í gegnum þessa miðla og er það þá aðstoðað við að leita sér frekari hjálpar. Auk þess er þetta frábær vettvangur til að nota í forvarnarskyni hvort sem um er að ræða umferðartengda eða fíkniefnatengda forvörn.

Ávinningurinn af því að vera á samfélagsmiðlum er margskonar eins og til dæmis aukinn sýnileiki og forvarnir. Einnig eykur þátttaka embættisins á þessum miðlum öryggis-tilfinningu borgarans, borgarinn sér lögreglumennina jafnvel í öðru ljósi og kynnist þeim utan starfsins.

Samfélagsmiðlar eru gríðarlega öflugt verkfæri fyrir lögreglu. Sem dæmi komu um það bil 50 % af tilkynningum sem bárust embættinu með einum eða öðrum hætti í gegnum internetið (samfélagsmiðla).

4 RANNSÓKNARDEILD

4.1 Ofbeldisbrot

Ekkert manndráp var til rannsóknar á árinu 2018 en 100 líkamsárásarmál voru skráð í lögreglukerfið. Árið áður voru þau mál 110 talsins þannig að þeim fækkaði á milli ára. Af þessum 100 málum voru 77 skráð sem minniháttar líkamsárás og 23 skráð sem meiriháttar líkamsárás. Munurinn á milli brotaflokka er mikill því til þess að mál sé skráð sem meiriháttar þurfa annað hvort að koma til alvarlegrar áverkar, svo sem beinbrot, eða þá að aðferðin við árásina sé metin hættuleg, til dæmis að vopn sé notað eða sparkað í höfuð brotþola svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu var eitt rán til rannsóknar hjá lögreglunni á Suðurnesjum, brot gegn 252. gr. almennra hegningalaga. Tengdist það uppgjöri í fíkniefnaviðskiptum þar sem polandi var stunginn með hnífi í læri og fjármunir sem hann hafði meðferðis voru teknir af honum. Gerendur voru handteknir, málið telst upplýst og bíður nú meðferðar hjá dómstólum.

Heimilisofbeldi

Alls komu upp 50 heimilisofbeldismál á árinu en hafa þarf í huga að í einu máli kunna að vera skráð mörg brot til dæmis ef sakborningar eru margir. Ljóst er að þörfin fyrir markviss afskipti og vandaða málsmeðferð lögreglu í heimilisofbeldismálum er skýr.

Mál vegna ágreinings milli skyldra og tengdra urðu 140.

4.2 Kynferðisbrot

Einn viðamesti þáttur rannsóknardeildarinnar eru rannsóknir kynferðisbrota sem geta verið flóknar, tímafrekar og erfiðar. Þær reyna oft en ekki á andlega hlið rannsakarans. Kynferðisbrot voru nokkuð mörg þetta árið eða samtals 42. Brot gegn 194. gr. alm. hgl. (nauðgun) voru átta.

Það sem stendur fyrir dyrum hvað varðar kynferðisbrotamál nú á tímum eru sífellt umfangsmeiri rannsóknir á rafrænum gagnavörslum af ýmsu tagi svo sem tölvum, farsímum, minnislyklum og gögnum sem eru vörsluð í „skýjum.“ Krefst það orðið töluverðar vinnu að rannsaka þessi gögn þar sem geymslurými þessara muna eru sífellt að stækka og mjög ör þróun í þá átt. En að sama skapi hefur þessi mikla gagnavarsla nýst við að upplýsa mál þar sem lögreglu gefst með þessum hætti kostur á að rekja feril brotanna með mjög afmörkuðum hætti.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur sett sér það markmið að ljúka rannsókn tiltekinn forgangsmála, samkvæmt fyrirmælum, á innan við 60 dögum. Þeir málaflokkar sem tilteknir eru falla flestir innan kynferðisbrotakaflans. Embættið leggur sig því fram um að hraða rannsóknum kynferðisbrotamála eins og unnt er en leggja jafnframt áherslu á vönduð vinnubrögð.



4.3 Fíknefnabrot

Á árinu 2018 voru skráð 9 stórfelld fíkniefnamál, sem varða brot gegn 173a. gr. almennra hegningalaga, til meðferðar hjá embættinu. Í tengslum við rannsókn þessara mála voru haldlögð 17.345,67 kg. af sterkum fíkniefnum. Þar af voru 12.485,71 kg. af kókaíni og 1.750 ml. af amfetamínvökva, Úr þessu magni af amfetamínvökva er hægt að framleiða 4.859,96 af amfetamíni í neysluskömmtum samkvæmt rannsóknarstofu Háskóla Íslands. Einnig var lagt hald á 4.859,96 kg. af hassi.

Samtals 156 mál voru til afgreiðslu hjá lögreglunni á Suðurnesjum sem varða brot gegn lögum um ávana- og fíkniefnum nr. 65/1974. Mál sem falla undir lögin teljast til minniháttar mála þar sem magn haldlagðra fíkniefna er minnháttar í hverju máli fyrir sig. Við rannsókn þessara mála voru meðal annars haldlögð 932,44 gr. af kókaíni, 353,18 gr. af amfetamíni, 267,78 gr. af ecstasy, 1.328,83 gr. af kannabisefnum og 1.494 töflur af sterkum læknaþýfum.

4.4 Netglæpir

Á árinu 2018 komu upp hjá lögreglunni á Suðurnesjum nítján mál sem flokka má undir netglæpi. Netglæpir eru, í víðustu skilgreingu orðsins, þau brot sem framin eru með tilstuðlan internetsins. Gott er að hafa í huga að unnið er að nákvæmri skilgreiningu hugtaksins, ekki síst til að bæta skráningu og tölfræði.

Þrjú málanna sem um ræðir eru svokallaðir svikapóstur (e: BEC -Business email compromise) þar sem óprúttir aðilar hafa sent tölvupósta í nafni yfirmanns fyrir-

tækis til starfsmanns, sem hefur aðgang að fjármálum viðkomandi fyrirtækis, í þeim tilgangi að reyna að svíkja út fé.

Ellefu mál sem varða fjársvik á netinu voru tilkynnt, meðal annars á bland.is eða á hinum ýmsu Facebook síðum.

Eitt mál varðar áreiti á samfélagsmiðlum og jafnframt komu upp fjögur mál sem varða dreifingu á nektarmyndum.

Í lokin má nefna að Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, í samstarfi við Barnaheill - Save the Children á Íslandi, sinnir tilkynningum sem koma í gegnum ábendingalínu Barnaheilla. Tilkynningar sem berast þangað verða ýmist að lögreglumálum, barnaverndarmálum eða fá aðra afgreiðslu eftir tilefni hverju sinni.

4.5 Skipulögð glæpastarfsemi

Tvö mál komu upp á árinu 2018 sem flokkast undir skipulagða brotastarfsemi, annað þeirra var hið svo kallað Bitcoin mál þar sem hópur einstaklinga skipulagði stórfelldan þjófnað á Bitcointölvum úr þremur gagnaverum sem staðsett eru á Ásbrúarsvæðinu og í einu gagnaveri sem staðsett er í Borgarfirði. Rannsókn málsin var afar umfangsmikil og teygði sig um allt land. Henni lauk á miðju sumri 2018.

Á haustmánuðum hófst rannsókn máls er varðar skipulagðan innflutning hælisleitenda af pakistönskum uppruna sem og ólöglegri atvinnustarfsemi og skjalafalsi. Þar var með skipulögðum hætti stofnað til íslenskrar kennitölu með fölskum skjölum til grundvallar, gagngert til þess að geta komið fyrrgreindum hópi í vinnu hér á landi.

Þá voru 45 innbrot og þjófnaðarmál til meðferðar hjá embættinu og er það fjölgun um sex mál frá árinu á undan.



5. FLUGSTÖÐVARDEILD

Flugstöðvardeild Lögreglustjórans á Suðurnesjum hefur starfsstöð í FLE. Þau fjölbreyttu verkefni sem tengjast alþjóðaflugvellingnum skapa deildinni, og embættinu um leið, ákveðna sérstöðu héraendis. Auk almennra löggæsluverkefna eru helstu verkefni deildarinnar landamæraeftirlit (vegabréfaskoðun á ytri landamærum Schengen svæðisins), framkvæmd lögregluvalds á innri landamærum, skilríkjarannsóknir, farþegalistagreining, fingrafarataka og ljósmyndun brotamanna svo og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Jafnframt svörun og afgreiðsla fyrirspurnar og beiðna og erlend samskipti. Innan flugstöðvardeilda er vegabréfarannsóknastofa sem gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd landamæravörslunnar og baráttu gegn skilríkjamisferli á landsvísu. Er nánar vikið að hlutverki og mikilli fjölgun verkefna vegabréfarannsóknastofu aftar í kaflanum.

Umfang landamæravörslu og löggæslu á Keflavíkurflugvelli er mikið og hefur aukist undanfarin ár með fjölgun farþega sem fara þar um. Ársverk í deildinni árið 2018 voru 76,63 og fjölgaði nokkuð á milli ára því þau voru 64,30 árið 2017 og 45,86 árið 2016. Fjölgun starfsmanna, sér í lagi lögreglumanna, hefur þó ekki haldist í hendur við þróun í fjölda farþega sem fara um flugstöðina og fjölgun verkefna hjá deildinni svo hægt sé að sinna öllum verkefnum af fullum krafti. Þau verkefni sem tengjast Keflavíkurflugvelli hafa einnig bein og óbein áhrif á aðrar deildir embættisins.

Viðbrögð við Schengen úttekt

Líkt og fram kom í ársskýrslu síðastliðins árs fór fram Schengen úttekt hér á landi á fyrsta árfjórðungi árið 2017. Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við fjölmarga þætti í framkvæmd og skipulagi landamæramálefna á Íslandi í úttektarskýrslunni. Til að bregðast við niðurstöðu úttektarinnar tók dómsmálaráðuneytið ákvörðun síðla árs 2018 um að frá og með 1. janúar 2019 yrði sett á fót sérstök deild innan embættis Ríkislögreglustjóra sem hefur m.a. því hlutverki að gegna að tryggja heildstæða og samræmda nálgun í landamæramálefnum og innleiða áætlun um samþætta landamærastrjórn á landsvísu. Embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum gegnir lykilhlutverki í málefnum tengdum landamærum enda fer langstærstur hluti af allri farþegaumferð til og frá landinu um Keflavíkurlflugvöll. Mikill metnaður er innan embættisins til að leggja sitt af mörkum til að bregðast við þeim athugasemdum sem fram komu í úttektarskýrslunni.

Landamæraeftirlit á Keflavíkurlflugvelli

Við landamæraeftirlitið er lögð áhersla á að tryggja skilvirka, örugga og lögmæta umferð um landamærin. Árið 2014 voru landamæraverðir, sem ekki eru lögreglumenn, ráðnir í fyrsta sinn til afmarkaðra starfa tengdum landamæravörslu. Var það gert til að bregðast við auknum fjölda farþega og til að mæta vaxandi kröfum hagsmunaaðila um skilvirka þjónustu. Í lok árs 2018 voru 43 landamæraverðir starfandi við flugstöðvardeild.

Hlutverk landamæravarða er fyrst og fremst að sinna landamæravörslu á fyrsta stigi landamæraeftirlits, þ.e. vegabréfaskoðun í landamærahlíðum. Í því felst að skoða farþega með tilliti til ítarlegs eða lágmarks eftirlits eins og það er skilgreint skv. reglugerð um för yfir landamæri nr. 866/2017. Áður en landamæraverðir hefja störf, sitja þeir þriggja vikna námskeið sem skipulagt hefur verið af starfsmönnum flugstöðvardeildar og byggir þjálfunin að hluta á kjarnanámskrá Frontex fyrir landamæraverði. Í náminu hefur áhersla verið lögð á viðeigandi regluverk, verklagsreglur og skilríkjafræðslu. Leiðbeinendur eru valdir með tilliti til sérþekkingar þeirra á þeim málaflokkum sem við koma starfinu og starfa flestir þeirra innan flugstöðvardeildar. Eftir að námskeiðinu lýkur hefja landamæraverðir störf á vöktum þar sem þeir njóta leiðsagnar reyndari starfsmanna fyrst um sinn.

Viðskiptamódel Keflavíkurlflugvallar byggir á stuttum tengitíma og af því leiðir að mikið álag er á landamæraeftirlitið á þeim tímum sólarhringsins sem flestir skiptifarþegar fara um ytri landamærin á leið sinni til og frá Norður-Ameríku til Evrópu. Frontex, landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu, metur það svo að landamæraverður hafi að meðaltali 12 sekúndur til að ákveða hvort farþegi uppfylli skilyrði til að fara yfir landamærin eða þarfnist frekari skoðunar. Öllu sem grunsamlegt þykir við fyrsta stigs skoðun er vísað til frekari skoðunar sem framkvæmd er af lögreglu.

Á árinu 2018 fóru 99,4% flugfarþega til og frá Íslandi um Keflavíkurlflugvöll. Árið 2018 fjölgaði farþegum sem fóru um Keflavíkurlflugvöll um 12% og voru þeir í heildina 9,8 milljónir. Líkt og fyrri ár fjölgaði þeim farþegum sem fóru um ytri landamærin hlutfallslega meira á milli ára, eða um 15%. Var heildarfjöldi þeirra tæpar 5,3 milljónir


á árinu. Sem fyrr er langstærstur hluti þeirra farþega sem sæta landamæraeftirliti á Keflavíkurlflugvelli á leið til og frá Bretlandi, Írlandi, Bandaríkjunum og Kanada. Boðið var upp á flug frá Keflavíkurlflugvelli til nokkurra nýrra áfangastaða utan Schengen svæðisins á árinu. Í desember 2018 hóf flugfélagið WOW air beint áætlunarflug til Nýju Delí á Indlandi. Einnig bauð félagið upp á flug til Tel Aviv í Ísrael á árinu. Þá bauð rússneska flugfélagið S7 upp á flug frá Moskvu yfir sumartímann. Í júlí og ágúst flaug Japan Airlines til Keflavíkurlflugvallar frá Tokyo. Í tengslum við þessar flugleiðir jókst fjölbreytni í þeirri flóru farþega sem koma í gegnum landamæraeftirlitið á Keflavíkurlflugvelli.

Sjálfvirk landamærahlíð

Sjálfvirk landamærahlíð voru tekin í notkun í FLE í júnímánuði 2017. Hlíðin lesa upplýsingar í vegabréfi farþega auk þess að bera myndina í vegabréfinu saman við mynd sem hliðið tekur af farþeganum í hliðinu sjálfu. Lögreglan og landamæraverðir taka við þegar hliðin gefa ófullnægjandi niðurstöðu til kynna. Ríkisborgarar Evrópulanda í ESB og EES auk Sviss geta nýtt sér hliðin bæði við komu og brottför um ytri landamæri Schengen-svæðisins.

Á árinu 2018 fóru samtals 920.697 farþegar um hliðin. Þar af fóru 531.417 um hliðin við komu en 389.280 við brottför. Að meðaltali fóru 2.522 farþegar um hliðin á dag á árinu. Nóvember var stærsti mánuðurinn hvað varðar fjölda gegnumferða, en þá fóru samtals 106.815 um hliðin. Stærsti dagurinn var 18. nóvember, með 5.617 notendur. Einn af hverjum þremur sem nýttu sér hliðin á árinu voru Bretar (322.789) og einn af hverjum fjórum voru Íslendingar (234.710). Næstir koma svo Þjóðverjar (68.842), Frakkar (46.178), Hollendingar (34.721) og Írar (28.071).

Fjöldi notenda sjálfvirkra landamærahlíða í FLE 2018 eftir mánuðum



Verkefni flugstöðvardeildar

Verkefnum flugstöðvardeildar í mörgum málaflokkum fjölga á milli ára. Þetta kemur skýrt fram í meðfylgjandi töflu sem sýnir fjölda tiltekinnar verkefna á árabílinu 2015-2018. Athygli vekur gífurleg aukning í fjölda frávísana á landamærunum. Frávísanir voru alls 161 árið 2018, en voru 54 árið á undan. Aukningin er því um 200%. Frávísun er beitt þegar einstaklingur uppfyllir ekki skilyrði fyrir komu inn á Schengen svæðið. Í flestum tilvikum, eða 142, var ástæða frávísunar vöntun á vegabréfsáritun. Aukning á fjölda SIS/Interpol smella, bæði á einstaklinga og skilríki, skýrist að einhverju leyti af aukinni umferð fólks um flugstöðina en jafnframt að öllum líkindum af aukinni notkun SIS og Interpol gagnagrunna til skráninga. Landamæravörðum ber að fletta upp skilríkjum allra einstaklinga sem fara um ytri landamærin í Schengen upplýsingakerfinu og tilteknum gagnagrunnum sem geyma upplýsingar um stolin, týnd eða ógild ferðaskilríki. Í hvert sinn sem fram kemur smellur þarf að fara fram ítarleg skoðun á aðilanum og/eða skilríkinu og útbúa tilkynningu um smellinn til alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra.

Tölfræðiupplýsingar

	2015	2016	2017	2018
Frávísanir á landamærum	21	26	54	161
SIS/Interpol smellir á skilríki	54	83	141	196
SIS/Interpol smellir á einstaklinga	24	42	75	154
Skilríkjamál í FLE	35	62	92	98
Fjöldi skilríkjarannsóknarskýrsla	64	91	126	264
Fjöldi hælisumsækjenda hjá flugstöðvardeild	105	617	332	243
Aðstoð vegna veikinda*	78	85	193	219
Útköll vegna aðfinnsluverðs háttalags	14	34	94	131
Ölvunarútköll í FLE	14	29	48	57

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Alls sóttu 789 einstaklingar um alþjóðlega vernd á landinu öllu árið 2018. Voru þeir af 71 þjóðerni en flestir Írakar (108), Albanir (102), Sómalir (53), Afganir (46) og Pakistanir (46). Fjöldi þeirra sem sóttu um alþjóðlega vernd í FLE minnkar töluvert á milli ára, var 243 árið 2018, en 332 árið áður. Af þessum 243 reyndust 155 vera án ferðaskilríkja eða á annan hátt í ólöglegri eða óreglulegri dvöl.


Verkefni vegabréfarannsóknastofu

Mikilvægur hluti landamæravörslunnar snýr að því að skoða skilríki og athuga hvort þau séu í gildi, séu ófölsuð og að sá eða sú sem framvísar þeim sé lögmaður handhafi. Innan flugstöðvardeildar er sérstakt svið sem kallast vegabréfarannsóknastofa. Frá árinu 2004 hafa tveir starfsmenn starfað þar og sérhæft sig í skilríkjarannsóknum. Vegna sérhæfingarinnar hafa önnur embætti og stofnanir leitað til þeirra í síauknum mæli með hin margvíslegustu erindi er varða skilríki á einn eða annan hátt. Álag á starfsmönnum hefur aukist jafnt og þétt í gegnum árin.

Árið 2018 fjölgaði verkefnum vegabréfarannsóknastofunnar verulega frá árinu áður. Árið varð metár í fölsunarmálum í flugstöðinni sjálfri en auk þess varð gríðarleg fjölgun á beiðnum frá öðrum embættum og stofnunum. Þannig voru skilríkjatengd verkefni sem bárust frá Þjóðskrá Íslands samtals 18 árið 2017 en samtals 61 árið 2018. Fjöldi beiðna frá Útlendingastofnun var 50 árið 2017 en 78 árið 2018. Og skilríkjatengd verkefni fyrir LRH fóru úr 25 upp í 153 milli ára. Samtals urðu beiðnirnar frá öðrum embættum og stofnunum 495 árið 2018 en voru samtals 176 árið áður.

Í daglegum störfum eru sérfræðingar vegabréfarannsóknastofunnar kallaðir til aðstoðar við annars stigs skoðun á landamærastöðinni í flugstöðinni þegar þurfa þykir vegna framvísaðra, grunsamlegra skilríkja. Nærri lætur að sérfræðingarnir úrskurði um 10% þeirra skilríkja sem þeir skoða fölsuð. Þannig skoða þeir mun fleiri skilríki en sem nemur tölunni 98 sem var heildarfjöldi einstaklinga í skilríkjamálum í flugstöðinni árið 2018. Þótt tölur um það séu ekki til skráðar má áætla að skilríkjasérfræðingarnir hafi skoðað um 1000 skilríki á öðru stigi árið 2018. Hlutverk skilríkjasérfræðinganna er ekki einungis að staðfesta fölsun heldur er ekki síður mikilvægt að úrskurða um gildi skilríkja þegar þau reynast í lagi, og farþegar lögmetir handhafar, til að raska ekki ferðum þeirra að ósekju.

Skilríkjamál og skilríkjatengdar beiðnir og rannsóknir



Línuritið að ofan sýnir þróun í samtölu skilríkjamála í flugstöðinni og fjölda skilríkjatengdra beiðna og rannsókna sem borist hafa vegabréfarannsóknastofunni árin 2014 til 2018. Um er að ræða flest öll skilríkjatengd verkefni sem vegabréfarannsóknastofan sinni, skilríkjamál í flugstöðinni og hjá embættinu, beiðnir dómsmálaráðuneytis um álit á því hvort Íslandi beri að viðurkenna tiltekið útlent skilríki sem gilt ferðaskilríki, skoðun afrita af skilríkjum frá Þjóðskrá Íslands og flóknari og tímafrekari rannsóknir á borð við andlitssamanburð og rannsókn grunnskjala fyrir Útlendingastofnun. Inn í tölunum í línuritinu eru ekki ýmis önnur verkefni á borð við kennslu, fræðslu, fundasóknir og vinnuferðir. Ekki eru inni í tölunum ljósmynda- og fingrafaratökur af sakamönnum og hælisleitendum í flugstöðvardeild en það verkefni hefur vegabréfarannsóknastofan haft á sínum herðum frá upphafi. Þá eru ekki inni í tölunum verkefni sem ekki hefur verið unnt að sinna. Af línuritinu má lesa hratt vaxandi þunga verkefna. Árið 2018 var enn eitt metárið og verulega þungt fyrir vegabréfarannsóknastofuna.

Nýr starfsmaður kom til starfa í vegabréfarannsóknastofunni í byrjun árs 2018 og urðu starfsmenn við það þrír. Þrátt fyrir fjölgunina reynist vegabréfarannsóknastofunni ekki unnt að sinna öllum þeim verkefnum sem beinast að henni. Beiðnir annars staðar frá bitna með óæskilegum hætti á rannsóknum og afgreiðslu skilríkjamála sem

upp koma hjá embættinu. Einnig bitnar álagið á getu vegabréfarannsóknastofunnar til að sinna ýmsum verkefnum sem verið hafa í bið allt of lengi. Þetta er áhyggjuefni fyrir baráttuna gegn skilríkjamisferli í landinu öllu. Síversnandi getu vegabréfarannsóknastofunnar til að sinna skilríkjamálum á landsvísu hefur verið komið á framfæri, m.a. við dómsmálaráðuneytið á fundi í ágúst 2018. Tímabært þykir að huga að framtíð vegabréfarannsóknastofunnar og skilríkjarannsókna á landsvísu.


Skilríkjamál

Eins og fyrr segir komu upp 98 skilríkjamál í flugstöðinni á árinu 2018. Enn eitt árið er því sett met hvað varðar fjölda slíkra mála, en árið 2017 var fjöldi skilríkjamála í flugstöðinni 92. Talsverð breyting er á tegund fölsunar og skilríkja sem koma við sögu á milli ára. Grunnfölsun er algengust á árinu 2018 en breytifölsun árið á undan. Þá ber meira á kennivottorðum árið 2018 en árið áður. Þessi breyting skýrist af breyttu ferðamynstri þeirra sem nota ólögleg skilríki. Bretland og Írland eru nú algengari áfangastaðir þeirra sem nota ólögleg skilríki en tilraunum til að fara til Kanada á ólöglegum skilríkjum hefur fækkað. Kennivottorð eru gild ferðaskilríki þegar ferðast er til Bretlands og Írlands en þegar farið er til Kanada er gerð krafa um vegabréf.


Fjöldi einstaklinga með fölsuð skilríki í FLE

	2015	2016	2017	2018
Breytifölsun	21	31	39	23
Misnotkun	8	18	23	21
Grunnfölsun	3	7	21	46
Ólögleg útgáfa	3	6	9	8
Samtals	35	62	92	98

Algengustu þjóðerni einstaklinga með fölsuð skilríki í FLE 2018




Algengustu útgáfuríki í skilríkjamálum í FLE






Brottfararland og fjöldi einstaklinga með fölsuð skilríki í FLE 2018



Flestir þeirra sem gripnir eru með ólöglegt skilríki í FLE árið 2018 komu til landsins frá Danmörku, Spáni, Þýskalandi og Ungverjalandi. Þar sem Íslands er getið er brottfararstaður í raun ekki þekktur. Í langflestum tilvikum eru einstaklingarnir að ferðast frá löndum innan Schengen svæðisins um Ísland til áfangastaða utan Schengen.

Áfangaland og fjöldi einstaklinga með fölsuð skilríki í FLE 2018



Eins og áður segir voru Írland og Bretland oftast áfangastaðir þeirra sem reyndu að fara með ólöglegum hætti um ytri landamærin á Keflavíkurflugvelli árið 2018 en fyrri ár.

Staðfest er að 21 einstaklingi tókst að fara með ólöglegum hætti um ytri landamærin í FLE árið 2018. Fjöldinn er sá sami og árið 2017 og skipting milli áfangastaða svipuð eins og sjá má í töflunni hér fyrir neðan. Ef fjöldi tilrauna sem gerðar voru til að fara með ólöglegum hætti um ytri landamærin á Keflavíkurflugvelli til Kanada er skoðaður kemur í ljós að hlutfall þeirra sem tókst ætlunarverkið árið 2018, 19 af 51, er mun hærra en það var árið 2017, 18 af 80. Ástæðan kann að vera aukið álag á deildina vegna fjölgunar farþega á sama tíma og starfsmönnum hefur ekki fjölgað nægilega mikið til að hægt sé að sinna farþegalistagreiningu og fræðslu fyrir landamæraverði, mikilvægum verkefnum sem snúa að því að stemma stigu við óreglulegum fólksflutningum.

Ólöglegar brottfarir um ytri landamærin í FLE

	2015	2016	2017	2018
Til Kanada	3	19	18	19
Til Bretlands	6	2	1	
Til Írlands	3	1	1	
Samtals	3	28	21	21

6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR

Árið 2018 voru þrjú stöðugildi lögfræðinga hjá embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum til 31. ágúst en þann 1. september var stöðugildum fjölgað í fjögur en auk þess var á sviðinu eitt stöðugildi ritara. Helstu verkefni lögfræðisviðs eru:

- Útgáfa ákæra og máflutningur í héraði í þeim sakamálum sem eru á forræði lögreglustjóra.
- Öflun rannsóknarúrskurða fyrir héraðsdómi.
- Útgáfa sektargerða.
- Leiðbeiningar, ráðgjöf og lögreglurannsóknir.
- Frávísunarúrskurðir á landamærum.
- Lögfræðileg álit, greinargerðir, umsagnir við lagafrumvörp og gerð verklagsreglna.
- Samskipti við embætti ríkissaksóknara, héraðssaksóknara, héraðsdóm og önnur lögregluembætti. Samskipti, samráð og samvinna við aðrar stjórnisýslustofnanir.
- Afgreiðsla ýmissa stjórnisýsluerinda, s.s. umsagnir vegna umsókna um ríkisborgararétt, afgreiðsla umsókna um endurveitingu ökuréttinda, bakgrunnsskoðanir vegna aðgangsheimilda að haftasvæði Keflavíkurflugvallar, gerð umsagna embættisins vegna kæra á hendur íslenskra ríkinu o.fl.

Árið 2018 var sem fyrr annasamt hjá lögfræðisviði embættisins á flestum vígstöðvum. Ríkulega var unnið að fækkun opinna mála á svæðinu sem jók verulega vinnu sviðsins og jafnframt að fylgja málum eftir í héraðsdóm. Fjölgun var í útgáfu ákæruskjala og sektargerða, svo og í gerð rannsóknarkrafna fyrir héraðsdómi. 54% aukning varð á útgáfu ákæra milli ára 2017 til 2018. Þá fjölgaði rannsóknarkröfum um 52% milli ára og útgáfa sektargerða jókst um 35%. Má því segja að gríðarleg aukning hafi verið á verkefnum sviðsins frá því árið 2016 eins og meðfylgjandi tafla ber með sér en frá árinu 2016 til ársins 2018 hefur verið samtals 125% fjölgun á útgáfu ákæruskjala og 92% aukning á gerð rannsóknarkrafna fyrir héraðsdómi hjá embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

	2016	2017	2018
Ákærer	126	180	284
Rannsóknarkröfur	212	268	408
Kröfur um gæsluvarðhald	98	125	139
Kröfur um farbann	26	14	57
Aðrar kröfur	88	143	212
Sektargerðir sendar aðilum	398	359	484
Samþykktar og greiddar sektargerðir	266	219	250

7. REKSTUR

Sundurliðun rekstrar 2018 og ársáætlunar 2019

Tekjur	2018	2019
Framlag ríkissjóðs	1.908.800	2.236.722
Seld þjónusta	65.171	42.321
Framlög og ýmsar tekjur	10.824	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	8.309	8.718
Tekjur samtals	1.993.104	2.287.761
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	1.726.699	1.969.269
Annar rekstrarkostnaður	269.914	286.200
Afskriftir	8.309	8.718
Gjöld samtals	2.004.922	2.264.187
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(11.818)	23.574

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	1	2
Vaxtagjöld, verðbætur og gengishagnaður	-50	-30
Fjármagnsliðir samtals	-49	-28
Afkoma ársins	(11.867)	23.546

Allar fjárhæðir eru í þús. króna

Ársverk á árinu 2018 voru 151,46.

Hlutfall kvenna í árslok 2018 var 40% hjá embættinu og hlutfall karla 60%.